

Fulltrúafundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda haldinn í Ásbyrgi 25. október 2012 og hófst kl. 11:00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, skipan starfsmanna, könnun á mætingu
2. Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði: Eiríkur Blöndal framkvæmdastjórn BÍ.
3. Umræður um erindi
4. Matarhlé
5. Umræður um erindi (framhald)
6. Önnur mál
7. Kaffihlé
8. Fundarslit

Jón Gíslason formaður BHS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði að tillögu sinni að Matthías Lýðsson stjórnaði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Ríkharðsson kannaði mætingu. Mættir voru fulltrúar frá eftirfarandi félögum:

Erindi Eiríks Blöndals

Eiríkur Blöndal flutti erindi um breytingar á skipulagi leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Um er að ræða sameiningu á þeirri leiðbeiningaþjónustu sem verið hefur á vegum Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna í eitt fyrirtæki. Markmiðin með stofnun nýs félags um leiðbeiningaþjónustu eru m.a. að ná fram meiri einbeitingu á ráðgjöf til bænda, auka samstarf starfsmanna á landsvísu og skila bændum betri og markvissari ráðgjöf. Einnig að allir bændur landsins eigi kost á sambærilegri ráðgjöf án tillits til búsetu eða búgreinar, að leiðbeiningaþjónustan aðlagist breyttum kröfum og þörfum bænda og að mæta óskum hins opinbera í núverandi búnaðarlagasamningi um að skipulag leiðbeiningaþjónustunnar sé endurskipulagt.

Nautgripa- og sauðfjársæðingar flytjast ekki yfir í Leiðbeiningaþjónustu bænda (LB), né heldur búfjárefirlit og klaufskurður. Nautastöðin verður áfram rekin af BÍ. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um kortagerð og bókhaldsþjónustu en skýrsluhaldið flyst yfir til LB. Jarðabótaúttektir flytjast að öllum líkindum ekki yfir, né heldur hagsmunagæsla og félagsstarf. Öll hefðbundin ráðgjöf flyst hins vegar yfir og verður kjarnastarfsemi félagsins. Þau verkefni sem flytjast ekki yfir verða áfram á ábyrgð búnaðarsambandanna í hverju héraði.

Leiðbeiningaþjónusta bænda verður rekið sem ehf. og verður að öllum líkindum í eigu BÍ. Fimm manna stjórn verður í fyrirtækinu og mun Búnaðarþing velja fjóra stjórnarmenn og sá fimmti verður formaður BÍ hverju sinni.

Landfræðileg staðsetning fagstjóra og starfsmanna faghópa verður ekki bundin ákveðnum fyrirfram tilgreindum staðsetningum og ekki verður gerð krafa um að starfsmenn skipti um starfsstöð. Starfsemi verður því áfram dreifð og munu þær starfsstöðvar sem fyrir eru halda sér. Ekki er ákveðið hvar heimilisfang félagsins verður og verður Búnaðarþingi sennilega falið að velja það.

Félagið mun til að byrja með leigja húsnæðisaðstöðu af búnaðarsamböndunum og BÍ. Einnig vinnutæki, s.s. tölvur, bíla ofl. en þegar fram líða stundir mun fyrirtækið fjárfesta í vinnutækjum. Áætluð velta fyrirtækisins árið 2013 er um 500 milljónir og er gert ráð fyrir að útseld vinna aukist svölítið strax á fyrsta ári. Gert er ráð fyrir 50 starfsmönnum í nýja fyrirtækinu.

Haldið verður auka Búnaðarþing í lok október þar sem tillögur verða kynntar og að því gefnu að samþykkt verði að stofna félagið verður félagið að því loknu stofnað og framkvæmdastjóri ráðinn.

Matarhlé

Að erindi Eiríks loknu var gengið til hádegisverðar. Í boði var dýrindis gúlassúpa sem fundargestir gerðu góð skil.

Umræður.

Gunnar Ríkharðsson kvað sér hljóðs. Hann fór aðeins yfir ferlið í ákvörðuninni um að þessi leið var valin. Hann gerði athugasemdir við að reksturinn yrði flóknari við að halda úti tvöfaldri starfsemi, þ.e. gömlu búnaðarsambandanna og svo þessa nýja fyrirtækis. Hann velti því einnig fyrir sér hvort leyfilegt væri að hafa ríkisstarfsmenn í einkahlutafélagi. Hann gerði einnig athugasemdir við skiptingu verkefna milli búnaðarsambandanna og leiðbeiningaþjónustunnar og velti fyrir sér hugmyndafræðinni í þeirri skiptingu. Hann viðraði hugmyndir sínar um að e.t.v. hefði verið hægt að fara aðrar og einfaldari leiðir að sömu markmiðum.

Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum gagnrýndi að aukinn kostnaður við rekstur á nýju fyrirtæki með öllu sem því fylgdi myndi falla á bændur sem leituðu sér þjónustu.

Brynjólfur Friðriksson, Brandsstöðum taldi ekki vera nógu skýrt hver verkaskipting verði á milli félaganna. Hvaða þjónustu verður tekið gjald fyrir og hvað verður áfram á vegum búnaðarsambandanna.

Gunnar Þórarinnsson, Þóroddsstöðum taldi hugmyndina vel geta virkað fyrir sjálfa leiðbeiningaþjónustuna en hafði áhyggjur af því sem eftir yrði hjá búnaðarsamböndunum. Hann bað Eirík eða Guðnýju Helgu um að skýra af hverju þessi leið hefði verið valin en ekki einhver einfaldari eins og Gunnar Ríkharðsson hefði rætt.

Gísli Magnússon, Staðarbakka sagðist síður en svo vera á móti hagræðingu en taldi ekki öruggt að hún hlytist af þessu nýja fyrirkomulagi og sagðist óttast að rekstur þessa fyrirtækis yrði dýrari og þá meiri kostnaður fyrir bændur. Hann spurði Eirík hvort að það væri eindregin forsenda þess að nýr búnaðarlagasamningur gengi í gegn að þessi leið væri farin.

Gunnar Þorgeirsson, Efri-Fitjum sagðist óttast flækjustigið í þessu fyrirkomulagi og beindi þeirri spurningu til ráðunautanna hvaða skoðun þeir hefðu á þessu.

Ólafur Benediktsson, Miðhópi taldi að akstur ráðunauta myndi örugglega aukast við þetta og kostnaður vegna þess myndi þar af leiðandi aukast. Hann spurði hvernig yrði með tölvudeild BÍ og hvers vegna sæðingarnar yrðu utan rekstrar þessa félags.

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli sagðist sammála Gunnari Ríkharðssyni um að markmiðin væru öll mjög góð en leiðin væri of flókin með stofnun nýs félags. Hann taldi þá vera einfaldara og vænlegra að sameina ráðgjafabjónustuna bara undir BÍ. Hann taldi ókost að skilja verkefni eftir hjá búnaðarsamböndunum, sérstaklega hjá þeim minni og að það yrði skref afturábak í hagræðingu. Hann spurði Eirík um fjármuni til aksturs dýralækna.

Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum ræddi mismunandi leiðir að því að samþætta ráðgjöfina yfir svæðið. Hún sagði ríka kröfu frá t.a.m. stærri kúabændum um að efla ráðgjöfina og taldi aukna sérhæfingu vera mjög mikilvæga. Hún sagði að með því að stofna einkahlutafélag í stað þess að sameina ráðgjöf undir ráðgjafasvið BÍ væri m.a. verið að forðast að yfirstjórnin færi til Reykjavíkur sem hún teldi mikilvægt og einnig að með því yrðu hlutirnir aðeins hugsaðir upp á nýtt með nýju fyrirtæki.

Þórður Pálsson, ráðunautur sagði að ráðunautar gerðu sér ekki alveg grein fyrir hvernig þetta myndi breytast. Eins og staðan er, eru starfandi faghópar í hverri búgrein sem hafa fundað og skipst á skoðunum og starfað saman. Hann velti því fyrir sér hvaða raunverulegu breytingar yrðu á samstarfi ráðunauta sem ekki væri hægt að ná með einfaldari hætti.

Matthildur Hjálmarsdóttir, Þóroddsstöðum velti fyrir sér skiptingu verkefna milli búnaðarsambanda og leiðbeiningabjónustunnar. Hún velti fyrir sér af hverju ekki væri hægt að gera sömu hluti innan félagasamtakanna sem starfandi eru. Hún taldi að það yrði líka býsna kostnaðarsamt að stofna nýtt fyrirtæki með öllu sem því fylgir.

Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum velti fyrir sér hvernig yrði fyrir bændur að koma sínum áherslum inn á borð leiðbeiningabjónustunnar eins og gert hefur verið t.a.m. á fundum á vegum búnaðarsambandsins. Hann spurði Eirík jafnframt hvort farið væri að hugsa það nánar hvaða þjónustu ætti að fara að selja í ríkari mæli. Hann velti því einnig fyrir sér hvernig álagstarnir t.a.m. í lambaskoðun verði leystar með aukinni sérhæfingu ráðunauta.

Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum þakkaði Guðnýju góð svör. Hún taldi að betur þyrfti að útfæra hvaða verkefni verði eftir og fannst óþarflega mikil óvissa um hvernig starfsemin verði eftir þetta.

Eiríkur Blöndal kom og svaraði fyrirspurnum. Hann sagðist geta tekið undir gagnrýni um að flækjan aukist við að stofna nýtt fyrirtæki. Hann sagði að eflaust væri hægt að ná markmiðunum með núverandi fyrirkomulagi en það hefði ekki gerst þrátt fyrir fyrri tillögur Búnaðarþings um aukið samstarf. Hann sagði kröfu bænda og búnaðarþings vera að leggja sérstaka áherslu á leiðbeiningabjónustuna. Hann sagði yfirbyggingu ekki endilega þurfa að verða meiri með nýju fyrirtæki og þess yrði gætt. Hann taldi að kostnaður við keypta ráðgjöf væri yfirleitt minni en ágóðinn sem ráðgjöfin skilaði. Hann sagði að til að byrja með yrðu verk ráðunauta eflaust svipuð en stefnt væri að meiri sérhæfingu þegar fram í sækir. Hann taldi tækifærin liggja frekar í aukinni sérhæfingu og vandaðri ráðgjöf en aukinni hagræðingu. Hann sagði að nákvæmlega þetta fyrirkomulag hefði ekki verið forsenda búnaðarlagasamnings en í slíkri samningagerð þyrfti alltaf að liggja fyrir ákveðin framtíðarsýn og hægt að sýna fram á að verkefni innan búnaðarlagasamnings séu í þróun. Tölvudeildin kemur ekki inn í rekstur leiðbeiningabjónustunnar í heild sinni en það sem lýtur að skýrsluhaldinu

færast inn í hana. Jarðabótunum er haldið utan við leiðbeiningaþjónustunnar vegna þess að ekki þykir gott að sami aðili ráðleggi um framkvæmdirnar og taki þær út.

Magnús Jósefsson, Steinnesi fannst óþarflega geyst farið í þessar breytingar. Hann taldi of mikla óvissu um rekstrargrundvöll nýs fyrirtækis, um hvort ráðgjöfin yrði meira nýtt og fleira. Hann taldi að ráðlegt væri að gefa sér meiri tíma í að skoða fleiri leiðir áður en ákvörðun yrði tekin.

Guðbrandur Björnsson, Smáhömrum tók undir með Magnúsi og fannst of lítið liggja fyrir um hvernig fyrirkomulag og rekstur nýs félags yrði. Hann taldi of mikið óöryggi um hvort og hvar ráðunautar verði staðsettir úti í héruðum. Hann lagði til að fundurinn greiddi atkvæði gegn því að þessi leið yrði farin.

Eiríkur Blöndal sagðist vera að reyna að útskýra tillögurnar eins og þær lægju fyrir, hann vildi ekki fullyrða eitthvað eða lofa einhverju um það sem ekki lægi fyrir.

Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum spurði Eirík hvað myndi gerast ef þessi fundur samþykkti að standa ekki að þessu en þetta yrði síðan samþykkt á Búnaðarþingi.

Eiríkur Blöndal sagði að Búnaðarþing yrði að taka ákvörðun um hvað gerðist ef eitt eða fleiri búnaðarsambönd vildu ekki taka þátt í verkefninu.

Gunnar Rikharðsson sagðist ítreka að hann teldi að markmiðin væru góð og sagðist telja að ekki væri skynsamlegt að standa utan við það. Hins vegar teldi hann skynsamlegra að velja aðra einfalda leið. Hann sagði leið fundarins til að hafa áhrif á ákvörðun Búnaðarþings vera að búnaðarþingsfulltrúarnir flyttu skoðanir fundarins þangað.

Eiríkur Blöndal sagði þróunina frekar hafa verið þannig að ráðgjafar væru að færast út á land en til Reykjavíkur.

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Víðidalstungu þakkaði Magnúsi og Guðbrandi sérstaklega fyrir sín innlegg þar sem þeir hefðu styrkt hana í sinni skoðun. Hún sagðist styðja tillögurnar um breytingar þar sem hún teldi ekki rétt að hafna breytingum vegna þess að gamla kerfið hafi virkað ágætlega. Hún taldi alla framþróun byggjast á breytingum.

Magnús Jósefsson, Steinnesi ítrekaði að hann væri ekki á móti breytingum sem slíkum en teldi einfaldlega þurfa meiri tíma til að skoða þessi mál.

Gunnar Þorgeirsson sagðist vera hlynntur því að ráðgjafastarf þróaðist og yrði betra en taldi betra og einfaldara að þetta yrði undir BÍ heldur en að stofna nýtt fyrirtæki.

Jóhann Guðmundsson, Holti taldi of hart fram gengið og ekki væri skynsamlegt að fara þær leiðir sem kynntar hefðu verið. Hann taldi skynsamlegt að búnaðarþingsfulltrúar okkar stæðu gegn þess í bili og lengri tími yrði tekinn í að skoða þessi mál. Hann velti fyrir sér fyrir hendi væri þrýstingur erlendis frá til að endurskoða okkar félagsmál sem hefði áhrif á þessar tillögur.

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli spurði um álit Eiríks á hvort hann teldi Búnaðarþing gæti tekið þá ákvörðun um að setja þetta mál í atkvæðagreiðslu meðal bænda. Hann velti

fyrir sér leigu á húsnæði og tækjum og taldi ekki sanngjarnt að þar væri miðað við ákveðna upphæð á stöðugildi, þar sem aðstaða og húsnæði væri misjafnt á milli starfsstöðva.

Eiríkur Blöndal taldi fjárhagsgrundvöll hvorki betri né verri eftir breytingar. Hann sagði þetta ekki hafa með ESB eða annan þrýsting erlendis frá að gera. Hann taldi sanngjarnt að leiga á húsnæði yrði miðuðu við fermetragjald en ekki stöðugildi.

Ekki kváðu sér fleiri hljóðs um málið og var þá gert kaffihlé.

Að afloknu kaffihléi þakkaði fundarstjóri fyrir kaffið fyrir hönd fundarmanna og opnaði þar næst fyrir næsta lið önnur mál.

Valgerður Kristjánsdóttir kvað sér hljóðs og spurði hvað yrði með tjón af völdum þurrka sem tekin voru út í sumar, hvort einhverjar bætur fengust úr Bjargráðasjóði.

Gunnar Ríkharðsson ræddi tölur sem borist hafa um vanhöld á svæðinu vegna óveðurs og annars. Hann sagði frá því að Bjargráðasjóður vill aðskilja tjón af völdum óveðursins annars vegar og vegna annarra hefðbundinna vanhalda. Bjargráðasjóður þarf síðan að sækja um aukafjárveitingu frá ríkinu vegna veðursins sem túlkast sem náttúruhamfarir. Hjá Bjargráðasjóði er lægri sjálfsábyrgð á tjóni af völdum náttúruhamfara en vegna hefðbundinna vanhalda. Hvað þurrkatjónið varðar er verið að bíða eftir nánari útfærslum frá Bjargráðasjóði um hvernig umsóknirnar verða útfærðar. Gunnar sagði frá því að tveir dýralæknar hafi sótt um héraðsdýralæknisstöðu sem losnar um áramót því Egill Steingrímsson er að hætta. Hann ræddi aðstöðu og húsnæði búnaðarsambandsins sem verður leigð út til nýju leiðbeiningaþjónustunnar og velti fyrir sér hvort rétt væri að reyna að bæta hana þar sem líkur eru á því að meiri starfsemi muni leita þangað sem aðstaðan er best. Búnaðarsambandið á talsvert í sjóði og vildi Gunnar því velja því upp hvernig þeir fjármunir verði best nýttir.

Valgerður Kristjánsdóttir taldi óhæft hversu slæmt hefur verið að ná í dýralækna á svæðinu sérstaklega um helgar. Þetta kerfi sem í gangi er virðist ekki vera að ganga nógu vel. Uppfærsla MAST á heimasíðu um helgarvaktir hefur ekki verið sinnt nægilega vel. Vildi Valgerður að búnaðarsambandi beitti sér fyrir því að dýralæknir yrði á svæðinu.

Guðný Helga tók undir með Valgerði um dýralæknamálin og sagði að BÍ hafi beðið um fund með MAST um úrbætur, t.a.m. að bændur mættu eiga meira af lyfjum eða hafa betra aðgengi að þeim. Þetta hefur að hennar sögn gengið mjög illa þar sem erfitt er að fá MAST til að ræða þessi mál. Hún hvatti menn til að senda MAST tölvupóst í hvert skipti sem vandamál koma upp á með að ná í dýralækni.

Ekki kváðu sér fleiri hljóðs og sleit því fundarstjóri fundi eftir að hafa þakkað fundarmönnum fyrir góðan fund.

Anna Margrét Jónsdóttir fundarritari